



MANNVIT



VEGVÍSUN AÐ FERÐAMANNASTÖÐUM – BRÚN SKILTI

LOKASKÝRSLA

VERKEFNI STYRKT AF RANNSÓKNARSJÓÐI
VEGAGERÐARINNAR

APRÍL 2018

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. Notkun brúnna skilta erlendis	2
2.1 Noregur.....	2
2.2 Danmörk	3
2.3 Bandaríkin.....	4
2.4 Þýskaland, Frakkland og Bretland.....	8
3. Brún skilti.....	10
3.1 Þjónustumerki (E)	10
3.2 Upplýsingamerki (D)	16
3.3 Vegvísar (F)	17
3.3.1 Ferðapjónustuaðilar á skiltum	19
3.3.2 Tungumál	21
3.4 Dæmi um útlit skilta - Þingvallapjóðgarður	23
4. Mótun viðmiða um hvaða staðir fáir brúnan lit	26
5. Samantekt	29

Skýrslan er unnin af Ólöfu Kristjánsdóttur samgönguverkfræðingi M.Sc. og fagstjóra samgangna hjá Mannviti, í samvinnu við Einar Pálsson forstöðumann þjónustudeildar hjá Vegagerðinni. Að vinnunni kom einnig Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir samgönguverkfræðingur hjá Mannviti.

Höfundar skýrslunnar bera ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar eða álit þeirra stofnana eða fyrirtækja sem höfundar starfa hjá.

1. Inngangur

Í þessu verkefni er skoðað hvort og hvernig Vegagerðin geti notað brún skilti til auðkenningar fyrir ferðamannastaði. Sérstaklega eru skoðaðir brúnir vegvísar vegna endurskoðunar á vegvísun vegna vaxandi fjölda ferðamanna og metið hvernig best væri að innleiða brúnan lit á skilti í reglugerð um umferðarmerki hérlendis.

Brúnir vegvísar að ferðamannastöðum eru þekktir víða erlendis og fer vel að skoða hvernig fella mætti slík skilti inn í stefnumótun varðandi skiltun við þjóðvegi. Þar kemur til vegvísun að þjóðgörðum og öðrum ferðamannastöðum sem eru mikilvægir á landsvísu, fyrir landshluta eða fyrir tiltekið svæði. Skoðuð voru skilti innan þjóðgarða og dæmi og reglur erlendis frá um brún skilti. Nefnd Sameinuðu þjóðanna um umferð á landi gaf út sameiginlega ályktun um umferðarskilti árið 2010. Þar segir að brúni liturinn skuli frátekinn fyrir ferðamannastaði.

Þjóðgarðar eru sérstök landsvæði sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna, og innan þeirra eru þjóðvegir sem Vegagerðin er veghaldari að. Þjóðgarðar eru skilgreindir sem stór og ósnortin eða lítt snortin svæði sem tekin eru til hliðar í því skyni að vernda heildræna vistfræðilega framvindu, með stuðningi við einkennandi tegundir og vistkerfi viðkomandi svæðis. Víða erlendis er notað einkennandi útlit á skiltum innan þjóðgarða til að styrkja ímynd þeirra, tákna gildi og markmið þeirra, og einnig til að vegfarendur þekki þau á augabragði og átti sig að á þeir séu staddir á viðkvæmu landsvæði sem beri að ganga vel um. Með einkennandi brúnum lit á skiltum innan þjóðgarðs eða ferðamannastaðar er ferðamaðurinn sífellt minntur á það að hann sé innan sérstaks svæðis og hvetur þannig til aukinnar meðvitundar um svæðið og betri umgengi.

Einnig er eitt af markmiðum verkefnisins að skoða möguleg viðmið um hvernig geti verið staðið að vali á því á hvernig stöðum brúnn litur mætti vera notaður á skilti. Viðmiðin geta verið fjölbætt s.s. fjöldi ferðamanna sem sækja staðinn, mikilvægi staðar, gæðakröfur um aðstöðu til að taka við ferðamönnum, heildarstefnumótun um dreifingu ferðamanna um landið og fleira.

Í stefnumótun Vegagerðarinnar¹ um skilti við þjóðvegi segir: “Öll skilti í dreifbýli sem staðsett eru minna en 30 m frá miðlínu stofnvega eða minna en 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega skulu vera í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra. Vegagerðin skal ákveða staðsetningu þeirra.” Það er því ljóst að samvinna og samtal Vegagerðarinnar, ferðamálayfirvalda, Umhverfisstofnunar og þjóðgarðanna er mikilvægt þegar kemur að þjóðvegum innan þjóðgarða og helstu ferðamannastaða og merkinga á þeim. Gott væri að til væru leiðbeiningar eða reglur um skiltun að og innan þjóðgarða og helstu ferðamannastaða sem sameinar áherslur þessara aðila og stuðlar að samræmdum skilaboðum til vegfarenda á þessum svæðum um landið allt.

Í skýrslunni *Stefnumótun í skiltum meðfram vegakerfinu* er bent á að með vaxandi ferðamannafjölda og samkeppni í ferðapjónustu sé líklegt að fyrirtæki í ferðapjónustu vilji beina athygli ferðamanna að sinni starfsemi með þjónustu- og upplýsingamerkjum. Því sé þörf á stefnumótun um uppsetningu slíkra skilta og verklagi fyrir ákvörðunartöku um heimilun þeirra, sem og notkun erlendra tungumála á þeim.²

¹ Handbók um umferðarmerki. Vegagerðin og Reykjavíkurborg. 2013.

² Stefnumótun í skiltun meðfram vegakerfinu. VSÓ. Apríl 2016.

2. Notkun brúnna skilta erlendis

Í skýrslunni *Stefnumótun í skiltum meðfram vegakerfinu*³ sem VSÓ vann fyrir Rannsóknarsjóð Vegagerðarinnar 2016 er farið yfir reglugerðir og fyrirkomulag Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur varðandi erlendan texta, heiti og merki á vegvísunarskiltum og afstöðu til auglýsinga meðfram vegum. Niðurstöður þeirrar skýrslu eru hafðar til hliðsjónar hér.

Í þessari skýrslu er auk þess horft til Bandaríkjanna og nokkurra Evrópulanda, en þar eru notuð einkennandi skilti í þjóðgörðum og almennum ferðamannastöðum. Slík skiltainleiðing hefur einnig verið sett upp í Kanada og víðsvegar um Evrópu. Þá er notað annað grunnútlit, t.d. litur eða leturgerð, en á öðrum svæðum. Það er gert til að skapa sérstöðu, styrkja ímynd þjóðgarða og tákna gildi, markmið og tileinkun garðanna. Almennur getur þekkt útlitið á augabragði og tilgangurinn með því er að gera fólki grein fyrir að það er stutt á viðkvæmu landsvæði sem beri að ganga vel um.

Nefnd Sameinuðu þjóðanna um umferð á landi gaf út sameiginlega ályktun um umferðarskilti árið 2010. Í ályktuninni segir að brúni liturinn skuli frátekinn fyrir ferðamannastaði og hann skuli aldrei nota á önnur umferðarmerki. Séu önnur litaskilti notuð fyrir tákni ferðamannastaða er ráðlagt að skipta þeim út fyrir skilti með brúnan bakgrunn og ljós tákni/stafi og/eða ljósan bakgrunn og brún tákni/stafi.⁴ Þannig megi samræma staðla víðsvegar varðandi merkingu ferðamannastaða og forðast misvísandi upplýsingar milli landa.

2.1 Noregur

Í norsku reglugerðinni um skiltagerðir (FOR-2005-10-07-1219), köflum 7 og 8, er fjallað um hvenær nota skuli brún skilti. Skilti með brúnum ramma, brúnni mynd og hvítum bakgrunni eru notuð fyrir einföld þjónustuskilti, líkt og myndin hér fyrir neðan sýnir. Þau falla undir þá skilgreiningu að vera skilti sem sýnir stað með sérlegt aðdráttarafi, fyrir ferðamenn og aðra, t.d. söfn, gallerí, útsýnisstaði og friðuð landsvæði. Samskonar skilti eru notuð fyrir útivistar- og afþreyingarstaði. Brún skilti með hvítum texta eru notuð til vegvísunar fyrir staði sem eru sérlega áhugverðir fyrir ferðamenn.



Mynd 1: Dæmi um ferðamanna-, afþreyingar- og útivistarskilti í Noregi.

Sérstakt merki er notað fyrir svokallaða ferðamannapjóðvegi (no. Nasjonale turistveger, e. National Tourist Routes) í Noregi, sjá eftirfarandi mynd. Þeir eru 18 talsins og er þeim ætlað að veita vegfarandanum, sem er ekki sérstaklega að reyna að komast á áfangastað jafn skjótt og hægt er, ánægjulega upplifun af ferðinni. Þessir ferðamannapjóðvegir sameina náttúru, veg, arkitektúr og list. Það eru um 250 hvíldar- og útsýnisstaðir á þessum 18 ferðamannapjóðvegum.⁵

³ Stefnumótun í skiltun meðfram vegakerfinu. VSÓ. Apríl 2016.

⁴ Consolidated resolution on road signs and signals. United Nations Economic Commission for Europe Inland Transport Committee. United Nations. New York and Geneva. 2010.

⁵ <http://www.nasjonaleturistveger.no/no/om-oss/brosjyrer>



Mynd 2: Tákn fyrir ferðamannaþjóðvegi (e. National Tourist Routes) í Noregi.

Norska vegagerðin ber ábyrgð á því að þróa og hafa umsjón með ferðamannaþjóðvegum 18 í Noregi og hefur þróað skiltahönnun þannig að vegfarendur geti auðveldlega þekkt leiðirnar. Tilgangurinn með skiltahönnuninni er að:⁶

- Búa til heildstætt og skýrt einkenni með sjónrænni framsetningu.
- Búa til tákn fyrir ferðamannaleiðirnar sem veitir vegfarendum vissu um gæði leiðarinnar.
- Gera ferðamannaleiðirnar sýnilegar og koma áleiðis skilaboðum um gildi þeirra.

2.2 Danmörk

Í Danmörku eru brún silti notuð þannig að brún ferðamannaupplýsingaskilti meðfram þjóðvegi vísa á stað með sérstakt aðdráttarafl, sem ökumenn komast að frá næsta afleggjara. Skiltin hafa brúnan bakgrunn með hvítum texta og hvítu tákni. Skiltin mega ekki innihalda lógó (vörumerki) fyrirtækja eða staða. Hönnun og nafn skiltis ræðst af tegund staðarins sem vísað er í og eru unnin af grafískum hönnuðum dönsku Vegagerðarinnar.



Mynd 3: Brún upplýsingatafla í Danmörku.

Fimm svæðisnefndir velja hvaða ferðamannastaðir fá leyfi til að nota brún ferðamannaskilti meðfram þjóðvegi. Svæðin eru Suður-Danmörk, Mið-Jótland, Norður-Jótland, Sjáland og Kaupmannahöfn. Danska vegagerðin tekur við umsóknum um brún skilti og beinir þeim svo til svæðisnefndanna.⁷

Skiltið L50 í töflunni hér fyrir neðan er auðkenni fyrir ferðamannaleiðina Margueritrutun, sem er um 3.500 km samfelld leið um Danmörku.



Mynd 4: Ferðamannaleiðin Margueritrutun í Danmörku.

⁶ <http://www.nasjonaleturistveger.no/en/about-us/logo>

⁷ <http://vejdirektoratet.dk/DA/vejsektor/vejregler-og-tilladelser/tilladelser/Sider/Brune-turistoplysningstavler.aspx>

Tafla 1: Ferðamannaskilti og brún skilti í Danmörku.

	<p>K30 Brún ferðamannaupplýsingatafla. Taflan er sett upp við hlið vegarins þar sem hægt er að nálgast ferðamannastaðinn sem er á skiltinu við næsta afleggjara. Efst á töflunni skal vera tákn sem einkennir ferðamannstaðinn, þar undir skal vera nafn staðarins. Ef ferðamannastaðurinn er á heimsminjaskrá Unesco sýnir táknið og textinn „UNESCO“⁸</p>
	<p>L50 Auðkenni fyrir ferðamannaleiðina Margueritruken. Skiltið hefur brúnan bakgrunn og hvítt/gult blómatákn. Skilti þetta merkir ferðamannaleið sem kallast Margueritruken sem leiðir ökumanninn í gegnum fallegustu staði Danmerkur.⁹</p>
	<p>H49 Þjóðagarðstafla/skilti. H50 Endir þjóðgarðs.</p>
	<p>Tákn M 52,2 stendur fyrir áhugaverðan stað á landsvísu (national seværdighed), þ.e. stað með aðdráttarafl utan þéttbýlis. Samskonar merki er fyrir staðbundinn áhugaverðan stað (lokal seværdighed) sem er blátt með hvítum bakgrunn.</p>
	<p>Tákn M 53 stendur fyrir stað sem er á heimsminjaskrá Unesco.</p>
	<p>Tákn M 54 stendur fyrir þjóðgarð.¹⁰</p>

2.3 Bandaríkin

Í Bandaríkjunum er brúnn litur notaður á skilti fyrir afþreyingar- og menningarstaði (Recreational and cultural interest area signs). Federal Highway Administration (FHWA) gefur út skiltastaðalinn Manual on Uniform Traffic Control Devices (MUTCD)¹¹. Í staðlinum kemur fram:

⁸<http://vejregler.lovportaler.dk/ShowDoc.aspx?t=%2fv1%2fNavigation%2fTillidsmandssystemer%2fVejregler%2fLovgivning%2f&docid=bek20161193-full>

⁹[http://naturstyrelsen.dk/naturoplevelser/naturguider/margueritruken/#{"x":671157,"y":6240022,"zoom":2,"categories":\["9"\]}](http://naturstyrelsen.dk/naturoplevelser/naturguider/margueritruken/#{)

¹⁰ <http://www.vejdirektoratet.dk/DA/om-os/nyheder-og-presse/pressemeddelelser/Sider/16-nye-sev%C3%A6rdigheder-p%C3%A5-attraktiv-liste.aspx>


¹¹ Manual on Uniform Traffic Control Devices for Streets and Highways. U.S. Department of Transportation, Federal Highway Administration. 2009.

„Afbreytingar- og menningarsvæði eru svæði sem draga að sér fólk og umferð og eru opin almenningi til leikja, skemmtunar eða afslöppunar. Dæmi um aðstöðu til afbreytingar eru garðar, tjaldsvæði, leikjaaðstaða og skíðasvæði og dæmi um menningarstaði eru söfn, listagallerí og sögulegar byggingar eða staðir. Tilgangurinn með afbreytingar- og menningarskiltum er að beina vegfarendum að almennu svæði og svo að ákveðnum stöðum, aðstöðu eða afbreytingu innan svæðisins.

Afbreytingar- og menningarvegvísunarskilti sem leiðbeina vegfarendum að mikilvægum stöðum umferðarlega séd má nota við þjóðvegi þar sem er beinn aðgangur að þessum svæðum. Afbreytingar- og menningarskilti má nota utan við þjóðvegakerfið eins og við á. Skiltum fyrir afbreytingar- og menningarstaði er skipt í tvær gerðir: (1) táknaskilti og (2) vegvísunarskilti.

Leiðbeiningar:

Þegar opinberir aðilar sem sjá um þjóðvegi ákveða að nota afbreytingar- og menningarskiltun, ættu þessir aðilar að setja sér stefnu um hana. Stefnan ætti að setja viðmið um hæfniskröfur til mismunandi tegundar þjónustu, gistingu og aðstöðu. Þessi skilti ætti ekki að nota þar sem hægt er að rugla þeim saman við önnur umferðarskilti. Vegvísunarskilti að afbreytingar- og menningarsvæðum má nota á alla vegi til að beina vegfarendum að aðstöðu, byggingum og stöðum, og til að benda á þjónustu sem er í boði fyrir almenning. Þessi skilti má einnig nota á afbreytingar- og menningarstöðum til að merkja viðburði og aðstöðu sem eiga við um óvélknúna umferð eins og stíga, byggingar og aðstöðu.“




Mynd 5: Dæmi um skilti fyrir afbreytingar- og menningarsvæði (Recreational and cultural interest area signs) í Bandaríkjunum.¹²

„Vegvísunarskilti með hvítum texta og ramma á brúnum bakgrunni má setja á fyrsta stað þar sem að aðkomuvegur eða vegamót eru við þjóðveg þar sem afbreytingar- eða menningarsvæði

¹² <https://mutcd.fhwa.dot.gov/pdfs/2009r1r2/mutcd2009r1r2edition.pdf>

er mikilvægur áfangastaður meðfram vegi. Viðbótar vegvísunarskilti með hvítum texta og ramma á brúnum bakgrunni má nota við vegi til að beina vegfarendum að áhugaverðum stöðum hvað varðar afþreyingu og menningu. Þar sem aðkomuvegur eða vegamót liggja eingöngu að afþreyingar- eða menningarstað, má vegvísunarskiltið hafa hvítan texta og ramma á brúnum bakgrunni.“



Mynd 6: Dæmi um skilti fyrir afþreyingar- og menningarsvæði (Recreational and cultural interest area signs) í Bandaríkjunum.¹³

¹³ <https://mutcd.fhwa.dot.gov/pdfs/2009r1r2/mutcd2009r1r2edition.pdf>

Eftirfarandi mynd sýnir dæmi um tákn á skiltum fyrir afþreyingar- og menningarsvæði í Bandaríkjunum.

Figure 2M-5. Recreational and Cultural Interest Area Symbol Signs for General Applications



Figure 2M-6. Recreational and Cultural Interest Area Symbol Signs for Accommodations



Figure 2M-7. Recreational and Cultural Interest Area Symbol Signs for Services



Figure 2M-8. Recreational and Cultural Interest Area Symbol Signs for Land Recreation



Figure 2M-10. Recreational and Cultural Interest Area Symbol Signs for Winter Recreation



Figure 2M-9. Recreational and Cultural Interest Area Symbol Signs for Water Recreation



Mynd 7: Dæmi um tákn á skiltum fyrir afþreyingar- og menningarsvæði (Recreational and cultural interest area signs) í Bandaríkjunum.¹⁴

¹⁴ <https://mutcd.fhwa.dot.gov/pdfs/2009r1r2/mutcd2009r1r2edition.pdf>

2.4 Þýskaland, Frakkland og Bretland

Brún skilti má sjá víðsvegar um Evrópu, þ.á.m. í Þýskalandi, Frakklandi og Bretlandi. Í skýrslu Sameinuðu þjóðanna um umferðarskilti árið 2010 er vísað til skiltanotkunar í Frakklandi. Frakkland var með þeim fyrstu til að setja upp brún skilti fyrir ferðamenn og hafa leiðbeint vélknúnum ferðamönnum að affþreyingar- og menningarstöðum síðan 1970¹⁵. Frakkland hefur marga áningarstaði s.s. kastala, vínhéruð, hallir og fleira. Hugmynd þeirra var að leiðbeina ferðamönnum á áningarstaðina. Nokkrum árum seinna fóru nokkur lönd að fylgja í fótspor Frakklands, t.a.m. Bretland. Um 1980 byrjuðu Bretar að setja upp brún skilti og telja þau nálægt hundrað í dag. Fjöldi skilta eykst hægt og rólega og fleiri áningarstaðir njóta stuðnings breska ríkisins, stofnana sem veita styrki o.fl. Bretar álitu að þarna gæti hagnaður ríkisins aukist með innleiðingu brúnu skiltanna með því að kynna lítt þekkt áningarstaði fyrir ferðamönnum.¹⁶ Eftirfarandi myndir sýna dæmi um brún skilti í Frakklandi og Bretlandi.



Sign at the side of the main carriageway. There will usually be two of these in advance of the junction



Sign indicating a place with several tourist attractions. It is located at the side of the main carriageway on the approach to a junction



Sign on exit slip road indicating directions to tourist attractions from a roundabout ahead



Sign on exit slip road indicating directions to tourist attractions from a junction ahead

Mynd 8: Dæmi um brún skilti í Bretlandi.



Mynd 9: Dæmi um brúnt skilti í Frakklandi

Um 1950 var gerð ferðamannaleið í Þýskalandi sem nefnd er *Rómantíska leiðin* (þ. Romantische Strasse). Hún var hugsuð af ferðapjónustuaðilum til að endurbyggja ferðamannaíðnaðinn eftir seinni heimstyrjöldina. Á miðöldum var leiðin notuð sem viðskipta- og verslunarleið, en hún inniheldur kastala og virki, þ.á.m. þekktan ævintýrakastala. Leiðin er þekkt ferðamannaleið í dag og laðar að sér

¹⁵ <http://www.followthebrownsigns.com/the-history-of-the-humble-brown-tourist-sign/>

¹⁶ <https://www.wttc.org/->

</media/files/reports/economic%20impact%20research/countries%202015/unitedkingdom2015.pdf>

fjöldi ferðamanna ár hvert. Sett hafa verið brún skilti merkt *Rómantíska leiðin* með brúnum bakgrunni og hvítum texta og ramma til að skapa sérstöðu og gefa til kynna að um sérstakan stað er að ræða. Brúnu skiltin eru oft sjáanleg á leiðinni og auðveldur leiðarvísir leiðir ferðamenn áfram alla leiðina¹⁷. Eftirfarandi mynd sýnir hvernig *Rómantíska leiðin* liggur og merkingar hennar með brúnum skiltum.



Mynd 10: Skilti fyrir *Rómantísku leiðina* í Þýskalandi.

¹⁷ <http://www.romanticroadgermany.com/> og <http://impressivemagazine.com/2014/07/04/romantic-road-germany-impressive/>


3. Brún skilti

Í þessum kafla verður leitast við að svara spurningunni um fyrir hvaða gerðir skilta brúni liturinn geti átt við hér á landi. Skoðuð voru þau merki sem eru í reglugerð um umferðarmerki og þegar kemur að brúnum skiltum þá getur verið um að ræða þjónustumerki (E) og vegvísa (F).

Eins og fram kemur í kaflanum hér á undan er brúnn litur á skiltum notaður víða erlendis til að merkja ferðamannastaði, bæði inni á slíkum svæðum og í vegvísun að þeim og bæði getur verið um að ræða fjarvísun og vegvísun nær áfangastað. Í kafla 4 er svo skoðað hvernig ferðamannastaði brún skilti gætu átt við.

3.1 Þjónustumerki (E)

Í þessum kafla eru þjónustumerki (E merki skv. reglugerð) skoðuð með tilliti til notkunar þeirra með brúnum lit í stað blás þegar þau eru notuð á og að ferðamannastöðum og einnig hvort gagnlegt væri að skoða hönnun nýrra gerða af brúnum þjónustumerkjum (E).

















Mynd 11: Yfirlit yfir öll þjónustumerki (E) af heimasíðu Vegagerðarinnar.

Í Bandaríkjunum eru ýmis almenn þjónustumerki höfð brún þegar þau eru innan þjóðgarða og ferðamannastaða, sjá myndir 6 og 7 í kafla 2.3. Þannig er ferðamaðurinn áfram minntur á það þegar hann er kominn í þjóðgarð eða ferðamannastað að hann sé innan sérstaks skilgreinds svæðis og hvetur

Þannig til aukinnar meðvitundar um svæðið og betri umgengni. Miðað við þessa nálgun getur brúnn litur í raun átt við um flest, ef ekki öll, upplýsingaskilti þegar þau eru innan þjóðgarða eða annarra skilgreindra ferðamannastaða sem ákveðið hefur verið að geti haft brúnan lit (sjá nánari umfjöllun í kafla 4).

Víða erlendis má finna dæmi um fleiri tákn á þjónustumerkjum og sum þeirra eru sérstök merki fyrir þjóðgarða eða fyrir notkun í þjóðgörðum og öðrum ferðamannastöðum.



Tafla 2: Nokkur dæmi um þjónustutákn sem eru eða gætu verið notuð sem brún skilti í eða að þjóðgörðum og öðrum skilgreindum ferðamannastöðum hérlendis, með því að hanna brúna útgáfu af þeim fyrir Ísland.

Merking:	Dæmi um tákn:		
Tákn fyrir svæði á heimsminjaskrá UNESCO.	Í Danmörku er þetta tákn notað fyrir slíkt: 	Merki UNESCO: 	
Tákn fyrir þjóðgarð.	Í Danmörku er þetta tákn notað fyrir þjóðgarð: 	Í Bandaríkjunum er þetta tákn notað fyrir þjóðgarð: 	
Tákn fyrir ferðamannaleið.	Í Danmörku er þetta tákn notað fyrir ferðamannaleið: 	Í Noregi er þetta tákn notað fyrir ferðamannaleið: 	Í Svíþjóð er þetta tákn notað: 
Tákn fyrir áningarstað hesta þar sem er rétt eða annars konar aðstaða til að girða af.	Tákn í handbók um merkingar frá Ferðamálastofu  p40 Áningarstaður hesta		
Tákn fyrir stað þar sem hægt er að komast í rafmagnstengingu.	Tákn í handbók um merkingar frá Ferðamálastofu  p45 Rafmagnstenging		
Tákn til að segja fólki að það skuli ganga á merktum leiðum eða göngupöllum.	Dæmi: Í Bandaríkjunum er þetta tákn notað:  RS-122 Walk on Boardwalk  RS-123 Stay on Trail	Tákn í handbók um merkingar frá Ferðamálastofu.  L02 Gangið á merktum leiðum  L12 Göngubrú	
Tákn fyrir nestisaðstöðu undir skýli.	Dæmi: Í Bandaríkjunum er þetta tákn notað:  RS-039 Picnic Shelter		

Samræmt tákni fyrir þjóðgarða

Hægt væri að hanna tákni fyrir þjóðgarða til að nota á skilti skv. reglugerð, óháð sérstöku lógóunum sem þjóðgarðarnir eiga hver fyrir sig. Slíkt merki mætti nota á vegvísunarskilti þegar verið er að vísa á þjóðgarð. Með því að hafa eitt samræmt merki sem táknar þjóðgarð eru skilaboð til vegfarandans einfölduð og ekki þörf fyrir vegfarandann að þekkja tákni allra þjóðgarða í landinu.

Tafla 3: Merki þjóðgarðanna á Íslandi.

Þjóðgarður	Vefsíða	Merki (ef til)
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull	https://www.ust.is/snaefellsjokull/	
Þingvellir	http://www.thingvellir.is/	
Vatnajökuls-þjóðgarður	http://www.vatnajokulsthjodgardur.is/	
- Þjóðgarðurinn í Skaftafelli	Vatnajökulsþjóðgarður nær yfir þjóðgarðinn Skaftafell	
- Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfur	Vatnajökulsþjóðgarður nær yfir þjóðgarðinn Jökulsárgljúfur	

Samræmt tákni fyrir ferðamannaleiðir

Í töflu 3 fyrir ofan má einnig sjá að í Noregi, Danmörku og Svíþjóð er notað sérstakt og samræmt tákni fyrir ferðamannaleiðir. Ef skilgreindar verða sérstakar ferðamannaleiðir á Íslandi væri æskilegt að hannað væri eitt samræmt tákni fyrir ferðamannaleið, óháð því hvar á landinu hún yrði staðsett eða hver væri ábyrgðaraðili kynningarefnis fyrir hana.

Samræmd þjónustutákni við reglugerð

Í „Handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum“ sem Ferðamálastofa hefur gefið út og er samstarfsverkefni Vatnajökulsþjóðgarðs, Umhverfisstofnunar, Ferðamálastofu og Þingvallapjóðgarðs eru sett fram eftirfarandi þjónustutákni:

ÞJÓNUSTUTÁKN

Þ01 Upplýsingar	Þ02 Upplýsingar innanhúss	Þ03 Afhylgiverður staður	Þ04 Afhylgiverð sýning innanhúss	Þ05 Almenningssími	Þ06 Vatnsalerni	Þ07 Þurrkalerni	Þ08 Snyrting karla	Þ09 Snyrting kvenna	Þ10 Kvenna og karlastyrting
Þ11 Skjoptabæta	Þ12 Snyrting fatlaðra	Þ13 Sæuþús	Þ14 Veitingasala	Þ15 Kaffihús	Þ16 Hemilisveitingar	Þ17 Sturtur	Þ18 Þvottavél	Þ19 Þurrkari	Þ20 Þvottasúra
Þ21 Sorplát	Þ22 Endurvinnanlegt sorp	Þ23 Endurvinnanlegt sorp eitt 1 km.	Þ24 Sorplát	Þ25 Internet	Þ26 Sýsahjálp	Þ27 Neyðarskýli	Þ28 Gisting	Þ29 Tjaldsvæði	Þ30 Hóliþýsi, tjaldvagnar og félithýsi
Þ31 Hósbílastæði	Þ32 Verslun	Þ33 Láðunarstæður fyrir skoptanka	Þ34 Siglingar leyfðar	Þ35 Útsýni	Þ36 Áningastaður	Þ37 Veði leyfðleg	Þ38 Drykkjarhæft vatn	Þ39 Sund	Þ40 Áningastaður hesta
Þ41 Bílastæði	Þ42 Stæði fyrir fatlaða	Þ43 Bílastæði fyrir rútur	Þ44 Bensinstöð	Þ45 Rafmagnstenging					

LEIÐBEININGARTÁKN

L01 Gönguleið	L02 Gangið á merktum leiðum	L03 Ór	L04 Ór með staðarheiti og vegalengd	L05 Ór með staðarheiti og vegalengd	L06 Akvegur	L07 Hjólástigur	L08 Vélhjólástigur	L07 Fjór hjólástigur
L09 Rútuumferð	L10 Vélsleðaleið	L11 Vað	L12 Göngubrú	L13 Reiðleið	L14 Reiðstigur	L15 Hundar leyfðir		
L16 Gönguleið fyrir hreyfihamlaða	L17 Gönguleið fyrir hreyfihamlaða	L18 Gönguleið fyrir hreyfihamlaða	L19 Auðveld gönguleið	L20 Krefjandi gönguleið	L21 Erfið gönguleið			
L22 Ór með staðarheiti og vegalengd	L23 Ór með staðarheiti, vegalengd og tákmyndum	L24 Ór með staðarheiti, vegalengd og tákmyndum	L25 Ór með staðarheiti, vegalengd og tákmyndum					

BÖNN OG AÐVARANIR











B01 Bönnuð gönguleið	B02 Reykingar bannaðar	B03 Tjöldun óleyfileg	B04 Hjólhýsi, tjalðvagnar og fellihýsi ekki leyfð	B05 Husbílur ekki leyfðir	B06 Bílfreiðaaakstur bannaður	B07 Hjólreiðar bannaðar	B08 Vélhjólakstur bannaður	B09 Fjór hjólakstur bannaður
B10 Rútuumferð bönnuð	B11 Vélsleðaakstur bannaður	B12 Siglingar bannaðar	B13 Vaðið ekki hér	B14 Sund ekki leyft	B15 Hestaumferð ekki leyfð	B16 Hundar ekki leyfðir	B17 Bannað að kveikja eld	B18 Veði ekki leyfð
B19 Vatni ekki drykkjarhæft	B20 Hætta á bruna	B21 Hætta á grjóthruni	B22 Hætta á hrapi	B23 Varasamt vatnsfall	B24 Hættulegir straumar	B25 Hætta á sterkum vindum	B26 Bannað að kasta pening	B27 Bannað að hlaða vörbu
B28 Lokað vegna fugla-verndar	B29 Lokað tímabundið	B30 Lokað, Closed...	B31 Lokað vegna gróðurverndar	B32 Lokað vegna aurbleytu	B33 Gisting óheimil	B34 Engin vélknúin umferð	B35 Bílfreiðastæði bönnuð	B36 Ishrun
B37 Hættulegar sprungur	B38 Ekkert símasamband	B39 Steinataka bönnuð						

Mynd 12: Tákn sem sett eru fram í „Handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum“ frá Ferðamálastofu.

Ef ákveðið yrði að taka upp notkun brúna litsins hérlendis á skilti fyrir ferðamannastaði, til samræmis við hin norðurlöndin og niðurstöðu nefndar Sameinuðu þjóðanna frá 2010 (sjá umfjöllun í kafla 2 þar sem segir að brúni liturinn skuli frátekinn fyrir ferðamannastaði), þá væri samræmi í því að nota brúnan bakgrunn í stað græns.

Táknin sem sett eru fram í handbókinni frá Ferðamálastofu eru að miklu leyti í takt við tákn Vegagerðarinnar. Þó má sjá dæmi um að gert hefur verið nýtt tákn fyrir tákn sem eru þegar til í reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra og vegfarendur þekkja vel, sjá í eftirfarandi töflu. Æskilegt væri að samræma táknin sem notuð eru í landinu en í eftirfarandi töflu má sjá hvaða tákn það eru sem eru til í bæði reglugerðinni og í handbók Ferðamálastofu, sem þýða það sama þrátt fyrir ólík tákn.

Tafla 4: Tákn Vegagerðarinnar annars vegar og Ferðamálastofu hins vegar.


Tákn í Reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra	Tákn í handbók um merkingar frá Ferðamálastofu	Athugasemd
 E02.63 Áningarstaður	 Þ36 Áningarstaður	Ólík tákn, æskilegt að samræma.
 E05.51 Sæluhús	 Þ13 Sæluhús	Táknin eru lík, en sæluhúsartáknið frá Vegagerðinni er gamalt tákn og vel þekkt og æskilegra væri að mati skýrsluhöfundar að nota það óbreytt.
  E05.11 Hótel, gistiheimili og E05.12 Svefnpokapláss	 Þ28 Gisting	Táknin tvö frá Vegagerðinni eru vel þekkt sem og ólík merking þessara tveggja útfærslna. Æskilegra væri að nota þau óbreytt og þá jafnframt áfram þessar tvær mismunandi þýðingar; uppábúin rúm og svefnpokapláss.
  E02.64 Útsýni og E02.65 Útsýni með hringsjá	 Þ35 Útsýni	Táknin eru nokkuð svipuð, en þó er fólkið á grænu myndinni sýnt gangandi sem gæti verið villandi og vegfarendur talið að verið væri að vísa á gönguleið. Á skiltinu frá Vegagerðinni stendur fólkið.

3.2 Upplýsingamerki (D)

Brúnn litur á skiltum getur einnig átt við fyrir sum upplýsingamerki, þegar þau eru staðsett innan þjóðgarða og skilgreindra ferðamannastaða.



Mynd 13: Bifreiðastæðamerki innan þjóðgarðs í Bandaríkjunum.




Mynd 14: Upplýsingamerki (D) sem væri æskilegt að væru með brúnum lit í stað bláa litsins þegar þau eru staðsett innan þjóðgarða og skilgreindra ferðamannastaða.

3.3 Vegvísar (F)

Í þessum kafla er farið yfir hvaða núverandi vegvísa (F) væri hægt að nota með brúnum bakgrunni þegar þeir eru notaðir í og að þjóðgörðum og ferðamannastöðum. Um er að ræða vegvísa sem sýna bæði nærvísun og fjarvísun. Einnig er í þessum kafla fjallað um gerð viðmiða um notkun merkja ferðapjónustuaðila á skiltum og um tungumál á skiltum. Í eftirfarandi töflu eru dæmi um útfærslu nokkurra vegvísa með brúnum lit.

Tafla 5: Vegvísar sem hægt væri að gera brúna útgáfa af eða breyta í brún skilti.

Teikning af skilti (dæmi). Núverandi og hugmynd að brúnni útgáfu.	Texti í reglugerð um umferðarmerki og hugmyndir að breytingum.
 <p>Nýtt skilti - Sama og fyrir ofan, nema brúnt.</p> 	<p><i>F04.11 Staðarvísir (rauður).</i> Merki þetta má setja við vegamót þar sem leið liggur til <u>athyglisverðs staðar</u>, flugvallar, hafnar, opinberrar byggingar eða annars þjónustustaðar. Letra skal staðarheiti, vegnúmer og fjarlægð í km á merkið eftir því sem ástæða þykir til.</p> <p>F04.11 gæti breyst þannig að hann eigi ekki við um athyglisverða staði heldur eingöngu um flugvelli, hafnir, opinberar byggingar eða annan þjónustustað. Við bættist svo brún útgáfa skiltisins sem á við um athyglisverða staði:</p> <p><i>F04.11 Staðarvísir (brúnn).</i> Merki þetta má setja við vegamót þar sem leið liggur til <u>athyglisverðs staðar</u>. Letra skal staðarheiti, vegnúmer og fjarlægð í km á merkið eftir því sem ástæða þykir til.</p> <p>Annars vegar kæmi til greina að hafa hvítan texta og hvítan ramma á brúnum bakgrunni og hins vegar að hafa brúnan lit í stað rauðs. Hið fyrrnefnda samræmist betur erlendum útgáfum af brúnum vegvísunum.</p>
	<p><i>F04.21 Staðartafla.</i> Merki þetta má setja þar sem leið liggur til staðar sem er sérlega áhugaverður fyrir ferðafólk. Letra skal staðarheiti og fjarlægð í km á merkið. Í stað tákns getur verið teikning af staðnum.</p> <p>Breyta mætti þessu skilti þannig að það sé með brúnum lit. Sjá næstu línu fyrir neðan.</p>
 <p>eða</p> 	<p><i>F04.21 Staðartafla.</i> Merki þetta má setja þar sem leið liggur til staðar sem er sérlega áhugaverður fyrir ferðafólk. Letra skal staðarheiti og fjarlægð í km á merkið. Í stað tákns getur verið teikning af staðnum.</p> <p>Annars vegar kæmi til greina að hafa hvítan texta og hvítan ramma á brúnum bakgrunni og hins vegar að hafabrúnan lit í stað rauðs. Hið fyrrnefnda samræmist betur erlendum útgáfum af brúnum vegvísunum.</p>

	<p>F11.51 Töfluleiðamerki (b).</p> <p>Þegar vísað er á þjóðgarð eða skilgreindan ferðamannastað þá gæti það verið gert með brúnu skilti (brúnn bakgrunnur með hvítum texta og tákni), hvort sem það stendur eitt og sér eða er hluti af stærri töflu eins og neðri myndin hér til hliðar sýnir.</p> <p>Þegar ferðamannastaður er einn af þeim stöðum sem vísað er á í sömu átt (inn á sömu töflu) væri hægt að hafa brúnan ramma utan um nafn staðarins, sjá mynd 15 (vinstri) fyrir neðan, eða taka ferðamannastaðinn/-staðina alfarið yfir á sér töflu sem ekið er fram hjá síðar. Sú tafla yrði þá eingöngu með brúnum skiltum, þ.e.a.s. ekki með neinum gulum skiltum á.</p> <p>Þegar einungis er notað þjónustutákn inn í töfluleiðamerki og þjónustutáknin á við um ferðamannastað, þá væri hægt að hafa rammann utan um þjónustumerkið brúnan í stað blás eða að hafa þjónustumerkið hvítt á brúnum bakgrunni með hvítan ramma.</p>
---	---

Ákveðnir staðir á landinu eru skilgreindir sem fjarvísunarstaðir, það eru staðir sem eru mikilvægir á landsvísu eins og til dæmis Vík, Höfn, Egilsstaðir og Mývatn. Margir þessara staða eru jafnframt megin viðkomustaðir ferðamanna. Skilgreina þyrfti hvort einhverjir ferðamannastaðir ættu að skilgreinast sem fjarvísunarstaðir og gætu þá fengið brúnan lit, þ.e. brúnt vegvísunarskilti, þegar vísað er á þá.



Mynd 15: Dæmi um innleiðingu á brúna litnum á vegvísunarskiltum fyrir ferðamannastaði erlendis.

Almennt á það við um vegvísa að gæta þarf að því að vísa ekki á of marga staði í einu, þ.a. ekki verði of miklar upplýsingar fyrir ökumanninn að vinna úr við aksturinn. Almenn regla er að vísa í mesta lagi á fjóra staði í einu. Ákveða skal hvaða upplýsingar eru þarfar fyrir ferðamenn án þess að skerða athygli ökumanns af veginum. Þar sem skilti eru nú þegar uppi ætti að forðast að setja upp fleiri skilti til að tryggja öryggi vegfarenda. Einnig er mikilvægt að til að valda ekki truflun ökumanna er mælt með að nota tákn frekar en yfirskriftir.¹⁸ Ef t.a.m. þrjú golfstaðir eru nálægt einum vegamótum þá skal eingöngu nota tákn fyrir golfvelli og sleppa texta til að forðast misskilning.

Þegar skilgreint hefur verið hvaða/hvernig ferðamannastaði skuli leyfa notkun brúns lits á, þá ættu þeir staðir ávallt að vera með brúnum lit á vegvísunarskiltum. Þannig á brúni liturinn í rauninni við um öll vegvísunarskilti, (F) merki samkvæmt reglugerð, nema F14 Götunöfn, F16 Vegnúmer, F17 Eyðibýli

¹⁸https://www.unece.org/fileadmin/DAM/trans/roadsafe/publications/docs/Consolidated_Resolution_on_Road_Traffic_RE2_e.pdf

og F18 Sýslu- eða sveitarfélagsmerki. Önnur merki, þ.e.a.s. merki F01-F12 og F19-F31, gætu því verið brún (sbr. Þingvallamerkið neðst í töflu 5).

Þegar þessi skýrsla er unnin þá voru í vinnslu vinnureglur hjá Vegagerðinni. Meðal þess sem kom fram í þeirri vinnu eru eftirfarandi drög eins og þau stóðu þá. Athuga skal að þessi drög kunna að hafa tekið breytingum síðan þá:

Vegvísun vísar til staðar og er ætlað að leiðbeina öikumönnum um leiðaval og taka mið af umferð. Megin tilgangur hennar er skilvirk stýring umferðar að áfangastað til að tryggja öryggi vegfarenda. Til að vegvísun sé skýr skal takmarka vísun á fleiri en fjóra staði á sömu vegamótunum.

Vegvísun er ekki ætlað að standa ein og sér heldur vera stuðningur við áfangastaði á kortum. Staðföng/staðarheiti á vegvísunum skulu vera samþykkt fyrir opinbera kortagerð (gagnagrunnur LMÍ).

Vegvísar sem vísa á þjónustu geta virkað sem auglýsing fyrir þjónustuaðilann sem vísað er á. Þegar hætta er á áhrifum á samkeppni mega vegayfirvöld ekki setja upp skilti sem auka fjölda gesta að fyrirtæki. Aðeins skal horfa til umferðarinnar eða vegfarenda við uppsetningu vegvísa fyrir almenna þjónustu.

Vegvísun:

- a. Leiðavegvísun utan þéttbýlis: gulur bakgrunnur/svartur texti
- b. Leiðavegvísun í þéttbýli: hvítur bakgrunnur/blár texti, blár bakgrunnur/hvítur texti (merkjabrú)
- c. Staðarvísir, staðartafla að ~~á hugaverðum stöðum~~, opinberum byggingum og þjónustu: (hvítur bakgrunnur/rauður texti)
- d. Staðarvísir, staðarmerki að stað og þjónustu: (blár bakgrunnur/gulur texti)
- e. Staðarleiðarvísir að stað og þjónustu (aðkomuskilti): (blár bakgrunnur/hvítur texti)
- f. Vegvísun að almennri starfsemi eða rekstri (þjónustutákn)
- g. Sérstök þjónustuvegvísun (afþreying, ferðaþjónusta, starfsemi)?
 - i. Baðlón, íshellar, landsbyggðarhótel, flúðasiglingar, vélsleðaferðir, jeppaferðir, hellaferðir
- h. Nýtt: vegvísar að ferðamannastöðum (brúnir/hvítir)?
- i. Nýtt: vegvísar að „ferðamannaleiðum“?
- j. Afmörkun svæðis. Til að afmarka mörk sýslu eða sveitarfélags eða önnur svæði sem nauðsynlegt er fyrir vegfaranda að vita um t.d. vegna sérreglna sem gilda um svæðin.
 - i. Sýslu- eða sveitarfélagsmerki
 - ii. Þjóðgarður (nýtt)?
 - iii. Friðland (nýtt)?
 - iv. Vatnsvernd?

3.3.1 Ferðaþjónustuaðilar á skiltum

Í þessum kafla er fjallað um hvaða upplýsingar tengdar ferðaþjónustu ætti að leyfa á vegvísunarskiltum. Þjónustumerki (E) innifela ýmis tákn sem tengjast ferðaþjónustu og eru þau almenn tákn sem gefa vegfarendum upplýsingar um tegund ýmiss konar þjónustu, þ.á.m. ferðaþjónustu. En á að leyfa önnur tákn á vegvísunarskilti, tákn sem eru ekki almenn og eru ekki í reglugerð um

umferðarmerki, jafnvel lógó (vörumerki) einstakra fyrirtækja, rekstraraðila og hótela? Hvar liggja mörkin milli vegvísunar og auglýsingar?

Í náttúruverndarlögum nr. 60/2013, grein 72. gr. „Auglýsingar utan þéttbýlis“ segir: „Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt, að uppfylltum ákvæðum annarra laga, að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á þeim stað þar sem starfsemin eða framleiðslan fer fram. Við hönnun slíkra auglýsinga skal þess gætt að þær falli sem best að sviptomíti lands.“

Eins og fram kom í kafla 2 um notkun brúnna skilta í Danmörku mega skilti ekki innihalda lógó fyrirtækja eða staða. Hönnun og nafn skiltis ræðst af tegund staðarins sem vísað er í og af grafískum hönnuðum dönsku Vegagerðarinnar. Samkvæmt dönskum vegreglum skulu auglýsingar sem eru til þess að auka viðskipti ekki vera ástæða til að setja það upp, aðeins afleiðing þess. Það er ávallt matsatriði hvaða upplýsingar skiltin skulu innihalda, en hafa skal hag ferðamanna í fyrirrími en ekki fyrirtækja. Í Danmörku eru fyrirtækjanöfn og lógó ekki leyfð, einungis upplýsingar um gerð fyrirtækis. Þetta er vegna þess að vegfarendur skulu einbeita sér að því sem nauðsynlegt er umferðarlega séð, þ.e.a.s. að fyrst og fremst þurfi að veita vegfarendum landfræðilegar upplýsingar til að komast á milli staða. Þegar tákni eru hönnuð sem eru lógó fyrirtækja eða hugsuð til auglýsinga, eru þau oft hönnuð til að lesast nálægt. Slík tákni eru sjaldan hönnuð til lestrar á umferðarhraða.

Venjuleg þjónustuvegvísun er vegvísun sem uppfyllir helstu þarfir vegfarenda fyrir vegvísun á þjónustu, þ.e. upplýsingar um hvað er í boði en ekki auglýsingu fyrirtækis. Miðað við þetta ætti vegvísun almennt séð að vera laus við auglýsingar í formi fyrirtækjanafns og lógóa. Fyrst og fremst ætti vegvísun að innihalda landfræðilegar upplýsingar um staðsetningu staðar. Mikilvægt er að reglur varðandi skilti meðfram vegum byggi á hvað er viðeigandi með tilliti til umferðaröryggis, aðgengis og umhverfis. Ef talið er að skilti sem innihalda auglýsingar fyrirtækis, geti haft áhrif á samkeppni ætti skilti ekki að innihalda nafn fyrirtækis eða lógó nema um sé að ræða vegvísun á gististað við veg o.þ.h.

Í drögum að vinnureglum frá Vegagerðinni eins og þau stóðu við vinnslu þessa verkefnis segir um vegvísun:

Vegvísar eiga að vera lausir við auglýsingar í formi fyrirtækjanafna og lógóa af því að vegfarendur eiga að einbeita sér að því sem hefur umferðarlega þýðingu. Það er að segja fyrst og fremst landfræðileg vegvísun til að finna leiðina að áfangastað.

Þar sem nauðsyn er til að aðstoða vegfarendur að rata að starfsemi á svæðum meðfram vegum, má heimila slíka vegvísun en skoða þarf þörfina í hverju tilfelli fyrir sig. Til að starfsemi eigi rétt á vegvísun skal miða við eftirfarandi viðmið:

- Erfitt er að finna staðinn með landfræðilegri vegvísun eða heimilisfangi.
- Þjónustustaðurinn er sóttur af mörgum vegfarendum sem ekki eru staðkunnugir.
- Þjónustustaðurinn er sóttur af mörgum rútubílstjórum.
- Vegakerfið er það flókið að erfitt er að finna veg.
- Fullnægjandi aðkomuvegur er frá veginum sem vísað er frá að staðnum og næg bílastæði, þannig að önnur umferð verður ekki fyrir truflun eða sett í hættu.
- Staðurinn eða aðkomuvegurinn að honum sést ekki vel frá veginum.
- Hönnun vegarins (hæðir, beygjur o.s.frv.) gerir það að verkum að nauðsynlegt er að vara snemma við.
- Staðurinn er ekki með ólöglega auglýsingu meðfram veginum, eða löglega auglýsingu sem gerir vegvísi ónauðsynlegan.

(Staðarheiti: Erlend staðarheiti eru ekki leyfileg nema þau komi fyrir í gagnagrunni LMÍ).

Þarna mætti til dæmis bæta við punkti: „Um nauðsynlega þjónustu er að ræða fyrir vegfarendur (td. gisting, eldsneytisafgreiðsla eða matvöruverslun) og mjög langt er í næstu slíku þjónustu.“

3.3.2 Tungumál

Í skýrslunni *Stefnumótun í skiltum meðfram vegakerfinu*¹⁹ er farið vel yfir reglugerðir og fyrirkomulag í Noregi, Svíþjóð og Danmörku varðandi erlendan texta, heiti og merki á vegvísunarskiltum og afstöðu til auglýsinga meðfram vegum. Helstu niðurstöður þeirrar skýrslu er að þó það sé einhver breytileiki milli landanna virðast þau sammælast um mikilvægi þess að vernda tungumálið og miðla staðarheitum á vegvísun. Staðarheiti eru tekin úr opinberum kortaskrá og ekki eru ný heiti sett í slíkar skrár nema vera yfirfarin.

Mikilvægt er að setja fram stefnu um tungumál og notkun tákna á skiltum. Almennt séð er ráðlagt að nota tákni eftir fremsta megni til að auðvelda skilning fyrir fólk frá mismunandi löndum, eða nafn staðar á vegvísun. Þar sem nota þarf texta á skilti er almennt séð æskilegt að notuð sé íslenska en undantekning þó gerð eins og til dæmis við alþjóðflugvelli o.þ.h. Þar sé notuð íslenska og enska og einnig þegar verið er að vara við hættu. Við notkun staðarheita sé miðað við samþykkt örnefni viðurkennd af opinberum aðila, til dæmis skv. kortagrunni Landmælinga Íslands. Ekki skuli vera leyfilegt að nota erlend fyrirtækja- eða vörumerkjaheiti. Það mætti hugsa sér að Vegagerðin listi upp ákveðin erlend orð sem leyfilegt verði að nota á umferðarmerkjum. Til dæmis orð eins og AIRPORT, CAR FERRY, BUS TERMINAL, MUSEUM, NATIONAL PARK, VISITOR CENTER og ACCOMMODATION.

Landmælingar Íslands er stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Hún hefur það hlutverk að safna, vinna úr, varðveita og miðla landupplýsingum um Ísland. Stofnunin starfar annars vegar samkvæmt lögum um landmælingar og grunnkortagerð og hins vegar samkvæmt lögum um grunngerð stafrænna landupplýsinga.²⁰

Sums staðar getur verið óhjákvæmilegt og nauðsynlegt að setja einnig erlendan texta. Dæmi um erlendan texta á brúnu skilti er á fyrrnefndu *Rómantísku leiðinni* í Þýskalandi þar sem bætt hefur verið við kínverskum texta.



Mynd 16: Kínverska á skilti í Þýskalandi

Eftirfarandi er útdráttur úr lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls:

1. gr. *Þjóðtunga – opinbert mál.*
Íslenska er þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi.
2. gr. *Íslenskt mál.*

Þjóðtungan er sameiginlegt mál landsmanna. Stjórnvöld skulu tryggja að unnt verði að nota hana á öllum sviðum íslensks þjóðlífs. [...]

5. gr. *Málstefna.*

¹⁹ Stefnumótun í skiltun meðfram vegakerfinu. VSÓ. Apríl 2016.

²⁰ www.lmi.is. Febrúar 2016.

Ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og skulu sjá til þess að hún sé notuð. Um málstefnu og stöðu íslenskrar tungu skal leitað samvinnu við Íslenska málnefnd, sbr. 6. gr. [...]

8. gr. *Opinbert mál stjórnvalda.*

Íslenska er mál Alþingis, dómstóla, stjórnvalda, jafnt ríkis sem sveitarfélaga, skóla á öllum skólastigum og annarra stofnana sem hafa með höndum framkvæmdir og veita almannajónustu.

Í drögum að vinnureglum frá Vegagerðinni eins og þau stóðu við vinnslu þessa verkefnis segir um vegvísun:

Texti á skiltum er á íslensku og í samræmi við lög nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Texti skal vera knappur og lýsandi.

Þar sem sérstök þörf er talin á að upplýsa og leiðbeina erlendum vegfarendum þá er það heimilt í samræmi við eftirfarandi rammareglur. Ef **erlendur** texti kemur fyrir á skiltum skal hann aldrei standa einn heldur endurspeglar samsvarandi íslenskan texta sem kemur á undan. Ávallt skal leitast við að nota tákn í stað texta.

Erlend orð sem heimilt er að nota á vegvísunum eru á lista yfir ensk orð sem samþykkt hafa verið af Vegamálastjóra.

Að mati skýrsluhöfundar mætti bæta við texta um að heimilt sé að nota erlendan texta á skilti þar sem verið er að vara við hættu, til að ná einnig til erlendra ferðamanna. Þá væri æskilegt að miða við að nota bæði íslensku og ensku en ekki annað tungumál. Mjög útbreiddur skilningur er á ensku og það er því ekki óeðlilegt val. Sé fleiri tungumálum bætt við er erfitt að velja hvað það ætti að vera og ef tungumálin eru orðin mörg þá eru skilti fljótt orðin of stór eða texti of lítill og ill læsilegur.

3.4 Dæmi um útlit skilta - Þingvallabjórðgarður

Eftirfarandi eru myndir sem teknar voru í vettvangsferð sumarið 2017 þar sem búið er að teikna hugmyndir að því hvaða skiltum væri hægt að breyta í brún skilti og hvernig það gæti litið út sem slík.



Mynd 17: Núverandi skilti við innkomu í Þingvallabjórðgarð og hvernig það gæti litið út með brúnum lit.



Mynd 18: Vegvísir sem vísar að Almannagjá með brúnum lit í stað rauðs.



Mynd 19: Dæmi um mögulegt útlit brúnna skilta við Þingvelli.



Mynd 20: Dæmi um skilti sem vísar á áhugaverðan stað með brúnan bakgrunn í staðinn fyrir bláan.

Í vettvangsferðinni var einnig horft eftir hvernig samræming skilta væri en áberandi var að margar mismunandi tegundir skilta voru innan þjóðgarðsins sem getur gefið misvísandi skilaboð til ferðamanna. Einnig var uppsetning skilta stundum gerð með dræmum hætti. Mynd 22 (t.h.) sýnir hvernig bílastæðaskilti hefur verið umkringgt með steinum til að halda því uppi. Uppsetning á skilti með slíku móti getur leitt til þess að ferðamenn virði svæðið minna. Mismunandi gerðir skilta er að finna á Þingvöllum með sömu upplýsingum, t.d. er eitt skilti blátt með hvítum texta meðan annað er brúnt með hvítum bakgrunni. Æskilegt væri að samræma útlit skilta í öllum þjóðgarðinum en það gefur ferðamanninum skilaboð um að hann sé staddur á afmörkuðu sérstöku svæði sem beri að ganga vel um.



Mynd 21: Skiltanotkun á Þingvöllum, ýmist brún og blá (lítið samræmi).



Mynd 22: Blátt skilti sett upp við Þingvelli á einum stað (t.v.) og brúnt á öðrum (t.h.) sem er haldið uppi með steinum.



Mynd 23: Skilti við Þingvelli, ýmist blá með hvítum ramma eða hvít með rauðum ramma



Mynd 24: Dæmi um skilti við Þingvelli sem í dag eru hvít með rauðum ramma og texta (t.v.) eða blá með hvítum/svörtum táknum og hvítum texta (t.h. staðsett við Hakann).

4. Mótun viðmiða um hvaða staðir fá brúnan lit

Eitt af markmiðum verkefnisins var að skoða hvernig viðmið væri hægt að hafa við val á því hvaða ferðamannastaðir mættu nota brún skilti. Eðlilegt er þá að líta fyrst og fremst til þjóðgarða, en einnig annarra mikilvægra og vinsælla áfangastaða ferðamanna. Þá er mikilvægt að sett séu viðmið um að staðir sem fá brúnan lit á skiltum uppfylli ákveðnar gæðakröfur um þjónustu við ferðamenn, þ.e. að staðurinn sé hæfur til að taka á móti ferðamönnum og veita þá þjónustu sem þeir þurfa. Viðmiðin gætu verið margskonar, s.s.;

- hver sé fjöldi ferðamanna sem sækir staðinn,
- mikilvægi svæðisins/staðarins,
- hvort á staðnum sé aðstaða og ábyrgðaraðili til að taka á móti ferðamönnum,
- gæðakröfur og/eða kröfur um aðstöðu til að taka við áætluðum fjölda,
- hvort ætti að vera skilyrði að þjónusta sé á staðnum allt árið um kring,
- og heildarstefnumótun um dreifingu ferðamanna um landið.

Tilgangur brúnna skilta á ekki að vera að vísa á tiltekna rekstraraðila, hótél o.þ.h. Mikilvægt er að svona skilgreiningarvinna sé samvinnuverkefni Vegagerðarinnar og ferðamálayfirvalda.

Þegar staðir hafa verið valdir sem skilgreindir ferðamannastaðir sem noti brún skilti, ættu þeir ávallt að vera merktir með brúnum lit og einnig þarf að skilgreina hvernig þeir koma inn í nærvísun og fjarvísun. Einnig ætti að haldast í hendur að ef ferðamannastaður fái brúnan lit á vegvísunarskiltum að honum, þá séu einnig flest, ef ekki öll, þjónustumerki (E), ýmis upplýsingamerki (D) og vegvísar (F) innan staðarins með brúnum lit. Þannig er ferðamaðurinn áfram minntur á það þegar hann er kominn inn í þjóðgarðið eða ferðamannastaðinn að hann sé innan sérstaks skilgreinds svæðis og hvetur það þannig til aukinnar meðvitundar um svæðið og betri umgengni.

Hægt væri að styðjast við einhvers konar flokkun á skilgreiningu ferðamannastaða. Til dæmis að stærstu ferðamannastaðirnir séu merktir á töfluleiðamerki sem fjarstaðir og nærstaðir, svo væri annar flokkur ferðamannastaða sem uppfylla kröfur og fá brún vegvísunarskilti og sá þriðji staðir sem fengju ekki brún vegvísunarskilti en fengju brún þjónustutákn inn á vegvísunarskilti.

Til að setja viðmið um hvaða staðir fá brúnan lit á skilti er hægt að styðjast við viðmið erlendis frá. Til dæmis getur verið miðað við árdagssumferð (ÁDU), vegtegund og fjarlægð frá áningarstað sem og að fengið sé álit sérstakar matsnefndir. Áhersla væri þá lögð á ferðavenjur og umferð erlendra ferðamanna um vegi landsins við ákvörðun fyrir staðsetningu brúnu skiltanna.

Samráð og samvinna til að tryggja samræmi

Setja þarf ákveðin stefnumörk og skýra sýn fyrir land allt í samvinnu Vegagerðarinnar og Stjórnstöðvar ferðamála, Ferðamálastofu, Umhverfisstofnunar og þjóðgarðanna, þ.e. sameiginlegt skipulag svo um samræmi sé að ræða. Einnig er hægt að nota úrræði eins og í Danmörku að hafa nefndir eftir svæðishlutum. Hægt væri að aðgreina aðstöðu/þjónustu fyrir ferðamenn annars vegar og ferðamannastaði hins vegar, við gerð stefnunnar.

Stýring á dreifingu ferðamanna um landið

Þegar unnið er val á stöðum sem skulu fá brúnan lit á skilti, er hægt að horfa til þess að vekja athygli á nýjum eða lítið sóttum en áhugaverðum stöðum þar sem er góð aðstaða til að taka á móti ferðamönnum, þ.e.a.s. að nota brún skilti til að stýra dreifingu ferðamanna um landið. Þetta geta verið staðir sem ferðamenn vita minna af en ákveðið hefur verið að byggja upp aðstöðu á. Þetta getur leitt til aukins hagnaðar fyrir ríkið, landeigendur og rekstur fyrirtækja og gæti auk þess lengt ferðatíma ferðamanna.

Bretland sá tækifæri í brúnum skiltum hvað varðar að kynna lítt þekkta eða óþekkta staði, en heillandi staði fyrir ferðamenn, og um leið auka ferðamannstraum til landsins og bæta efnahaginn.

Reynsla Breta er að brúnu skiltin hafa sýnt fram á betri upplifun ferðamanna og meiri virðingu og umgengni fyrir landinu og minnkað þ.a.l. kostnað ríkis og landeigenda. Þetta getur aukið líkurnar á að ferðamenn sækist eftir að fara aftur á staðina ef þeir eru aðlaðandi. Einnig getur það leitt til fjölgunar áhugaverðra staða sem ferðamenn vissu minna eða ekkert af. Ef vel er að þessu staðið, þ.e. ákveðin stefnumótun og sýn er sett fyrir heildina, getur það aukið áhuga á náttúru lands og aukningu í ferðamannaþjónustunni enn frekar²¹.

Eftirfarandi tafla sýnir hvernig nefndir á Írlandi ákveða hvaða vegir skulu merktir með brúnum skiltum. Til dæmis ef um venjulegan þjóðveg er að ræða, þurfa að vera að lágmarki 20.000 heimsóknir á ári á ferðamannastaðinn og hann skal vera innan 20 km frá þjóðveginum²².

Tafla 6: Viðmið í Írlandi um hvaða ferðamannastaðir (e. tourist attractions) skuli merktir með brúnum skiltum.

Vegtegund	Lágmarks heimsóknir á áningarstað á ári	Hámarks lengd í ferðamannastað frá þjóðvegi
Þjóðvegir/hraðbraut - 2ja akreina	75.000	30 km
Þjóðvegir	20.000	20 km
Minni þjóðvegir	10.000	20 km

Í Ástralíu eru brún skilti einnig notuð. Niðurstaða rannsóknar þaðan sýnir að stór hluti ferðamanna þekkir brúnu merkin (58%) og höfðu skiltin áhrif á meira en þriðjung til að heimsækja stað. Brúnu skiltin höfðu einnig þau áhrif að staðurinn væri þess virði að skoða í yfir 40% tilvika þegar vísað er í ferðamannastaði²³.

Árstíðabundnir staðir

Þegar um ferðamannastaði er að ræða þar sem ekki er þjónusta í boði allan ársins hring vaknar spurning um hvort hægt sé að merkja þá staði með brúnum skiltum. Möguleg lausn gæti verið að búa til útgáfu af skiltum þar sem þeim er tvískipt, t.d. eru brún og grá með skiptingu þ.a. skálína þvert yfir skiltið skipti því. Æskilegra er þó að mati skýrsluhöfundar að eitt af viðmiðunum fyrir stað til að fá að nota brún skilti sé einmitt að þar þurfi að vera trygg þjónusta allt árið um kring.

Friðlönd og önnur friðlýst svæði

Í verkefninu var velt upp þeirri spurningu hvort friðlönd, náttúruvætti, fólkvangar og önnur friðuð svæði ættu sjálfkrafa að fá notkun brúnna skilta. Náttúruminjaskrá er listi yfir öll friðlýst svæði og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst:²⁴

- Þjóðgarðar
- Friðlönd
- Náttúruvætti
- Fólkvangar
- Búsvæði
- Önnur friðuð svæði
- Aðrar náttúruminjar

Friðlönd á Íslandi eru 114 talsins og þau eru mjög ólík. Um sum þeirra er engin umferð fólks (t.d. Surtsey) á meðan önnur eru innan höfuðborgarsvæðisins.

²¹ Principles for Developing Destination Management Plans. Visit England. 2012.

²² Policy on the Provision of Tourist & Leisure Signage on National Roads. National Roads Authority, 2007. (<https://monaghan.ie/roadtransport/wp-content/uploads/sites/15/2016/11/NRAPolicy.pdf>)

²³ <http://www.lgns.wa.gov.au/files/imce-uploads/166/Peter%20Lipman.pdf>

²⁴ <https://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/>

Friðlýst svæði á Íslandi eru í júlí 2013 113 talsins, en umfang þeirra, eðli og ástand er eins misjafnt og svæðin eru mörg. Svæði kunna að hafa verið friðlýst vegna náttúruvafars, landslags, jarðminja, útivistar eða sambland framangreindra þátta. Margir þættir geta haft neikvæð áhrif á verndargildi friðlýstra svæða. Þó má segja að áhrif mannlegra umsvifa séu hvað mest en friðlýst svæði eru oft vinsælir áfangastaðir ferðamanna. Í skýrslu umhverfisráðuneytisins „Velferð til framtíðar“ kom fram að bregðast þurfi við niðurstöðum rannsókna á þolmörkum ferðamannastaða með aðgerðum til að sporna við skemmdum vegna álags. Einnig er lagt til að leggja og merkja göngustíga á ákveðnum friðlýstum svæðum með það að markmiði að bæta aðgengi almennings að náttúru landsins og búa svæðin jafnframt undir aukið álag af vaxandi ferðamannastraumi. Samhliða tvöföldun á fjölda erlendra ferðamanna síðastliðinn áratug auk fjölgunar innlendra ferðamanna þarf að stuðla að umbótum á friðlýstum svæðum, auka landvörslu og efla fræðslu. Umhverfisstofnun tók saman í fyrsta sinn lista árið 2010 yfir þau svæði sem að veita þarf sérstaka athygli og að hlúa sérstaklega að. Rauði listinn hefur síðan verið gefinn út á tveggja ára fresti.²⁵

Vegna þess hve mörg og ólík friðlýst svæði eru, og mjög misjöfn umferð fólks um þau og þar af leiðandi einnig mjög misjafnir innviðir við og innan þeirra til að taka á móti ferðamannastraum, þá er ekki litið sérstaklega til þeirra sem staða sem ættu sjálfkrafa að fá brún skilti eða vera vísað að með brúnum skiltum.

Það sama ætti að eiga við um jarðvanga, þ.e.a.s. að ekki ætti að setja viðmið á þann hátt að allir jarðvangar fái sjálfkrafa brún skilti, heldur ætti viðmiðið að vera hversu margir ferðamenn sækja staðinn, hversu góð aðstaða er á staðnum og traust þjónusta o.þ.h. líkt og um önnur svæði.

Ferðamannavegir

Ef skilgreindir verða sérstakir ferðamannavegir á Íslandi yrði mikilvægt að merkja þær leiðir með brúnum skiltum, sbr. umfjöllun í kafla 2 hér á undan um notkun brúnskilta erlendis og í kafla 3.1 um þjónustumerki. Í Noregi, Danmörku og Svíþjóð er notað sérstakt og samræmt tákn fyrir ferðamannaleiðir. Ef skilgreindar verða sérstakar ferðamannaleiðir á Íslandi væri æskilegt að mati skýrsluhöfundar að hannað væri eitt samræmt tákn fyrir ferðamannaleið, óháð því hvar á landinu hún yrði staðsett eða hver væri ábyrgðaraðili kynningarefnis fyrir hana.

Í niðurstöðum verkefnis Matthildar Báru Stefánsdóttur, „Ævintýravegurinn – Tillaga að vinnuferli við áætlanagerð ferðamannavega“ frá 2016, kemur fram að á ferðamannaleiðum sé gott að merkingar á veginum séu samfelldar og hæfilega miklar. Þar segir:

- *Ferðamannavegur á að fara um landslag með sérstaka náttúruupplifun*
- *Aksturinn á að vera jákvæð upplifun*
- *Meðfram veginum eiga að vera hlutir/atriði sem auka upplifunina*
- *Möguleikar eiga að vera til virkrar upplifunar*
- *Þjónusta á að vera fjölbreytt og af ákveðnum gæðum*
- *Leiðin á ekki að vera flutningaleið*
- *Svæðið meðfram veginum á ekki að vera viðkvæmt fyrir aukinni umferð*
- *Vegurinn á að vera af takmarkaðri lengd, miðað er við 20-200 km*

Uppfylli vegur ekki fyrstu tvo punktana kemur hann ekki til greina sem ferðamannavegur og ef vegur er ekki öruggur samkvæmt gildandi reglum hentar hann ekki heldur sem ferðamannavegur.²⁶

²⁵ <https://www.ust.is/default.aspx?pageid=2840c61e-6f0a-468e-bd5d-7a585f33020a>

²⁶ Matthildur Báru Stefánsdóttir. *Ævintýravegurinn – Tillaga að vinnuferli við áætlanagerð ferðamannavega*. Vegagerðin. 2016.

5. Samantekt

Tilgangur þessa verkefnis var að skoða hvernig Vegagerðin geti notað brún skilti til auðkenningar fyrir þjóðgarða og aðra ferðamannastaði. Sérstaklega voru skoðaðir brúnir vegvísar vegna vaxandi fjölda ferðamanna og metið hvernig best væri að innleiða brúnan lit á skilti í reglugerð um umferðarmerki hérlandis. Þjóðgarðar eru sérstök landsvæði sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna, og innan þeirra eru þjóðvegir sem Vegagerðin er veghaldari að. Víða erlendis er notað einkennandi útlit á skiltum að og innan þjóðgarða til að styrkja ímynd þeirra, tákna gildi og markmið þeirra, og einnig til að vegfarendur þekki þau á augabragði. Þannig eru vegfarendur stöðugt minntir á að þeir séu staddir á viðkvæmu landsvæði sem beri að ganga vel um.

Í stefnumótun Vegagerðarinnar um skilti við þjóðvegi segir: *“Öll skilti í dreifbýli sem staðsett eru minna en 30 m frá miðlínu stofnvega eða minna en 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega skulu vera í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra. Vegagerðin skal ákveða staðsetningu þeirra.”* Það er því ljóst að samvinna og samtal Vegagerðarinnar, ferðamálayfirvalda, Umhverfisstofnunar og þjóðgarðanna er mikilvægt þegar kemur að þjóðvegum innan þjóðgarða og helstu ferðamannastaða og merkinga þeirra. Gott væri að til væru leiðbeiningar eða reglur um skiltun að og innan þjóðgarða og helstu ferðamannastaða, sem sameinar áherslur þessara aðila og stuðlar að samræmdum skilaboðum til vegfarenda á þessum svæðum um landið allt.

Brúnir vegvísar að ferðamannastöðum eru þekktir víða erlendis. Í Noregi, Danmörku og Bandaríkjunum sem dæmi eru notuð brún upplýsingaskilti og vegvísunarskilti fyrir ferðamannastaði. Brún skilti má sjá víðar í Evrópu, þ.á.m. í Þýskalandi, Frakklandi og Bretlandi. Nefnd Sameinuðu þjóðanna um umferð á landi gaf út sameiginlega ályktun um umferðarskilti árið 2010 þar sem segir að brúni liturinn skuli frátekinn fyrir ferðamannastaði.

Þjónustumerki

Þjónustumerki (E merki skv. reglugerð) voru skoðuð með tilliti til notkunar þeirra með brúnum lit í stað blás þegar þau eru notuð að og í þjóðgördum og ferðamannastöðum og einnig skoðað hvort gagnlegt væri að hanna nýjar gerðir af brúnum þjónustumerkjum (E).

- Hægt væri að hanna samræmt tákni fyrir þjóðgarða til að nota á skilti skv. reglugerð líkt og gert er víða erlendis, óháð sérstöku lógóunum sem þjóðgarðarnir eiga hver fyrir sig. Slíkt merki mætti nota á vegvísunarskilti þegar verið er að vísa á þjóðgarð. Með því að hafa eitt samræmt merki sem táknar þjóðgarð eru skilaboð til vegfarandans skýr.
- Í Noregi, Danmörku og Svíþjóð er einnig notað sérstakt og samræmt tákni fyrir ferðamannaleiðir. Ef skilgreindar verða ferðamannaleiðir á Íslandi væri æskilegt að hannað væri eitt samræmt tákni fyrir ferðamannaleið, óháð því hvar á landinu hún/þær yrðu staðsettar eða hver væri ábyrgðaraðili kynningarefnis fyrir hana.
- Þjónustutákni fyrir skilti sem sett eru fram í handbók frá Ferðamálastofu eru að miklu leyti í takt við tákni Vegagerðarinnar. Þó má sjá dæmi um að gert hefur verið nýtt tákni í stað tákns sem er þegar til í reglugerð um umferðarmerki og vegfarendur þekkja vel. Æskilegt væri að samræma tákni sem notuð eru í landinu. Ef ákveðið yrði að taka upp notkun brúns lits hérlandis á skilti fyrir ferðamannastaði, þá væri samræmi í því að nota brúnan bakgrunn í stað græns sem Ferðamálastofa notar.

Vegvísar

Farið var yfir hvaða vegvísa (F) væri hægt að nota með brúnum bakgrunni þegar þeir eru notaðir að og í þjóðgördum og helstu ferðamannastöðum. Í skýrslunni eru settar fram tillögur að breytingum á rauðum staðarvísunum (F04.11) og staðartöflum (F04.21) þannig að gerð sé önnur útgáfa af þeim, brún útgáfa, fyrir athyglisverða staði, en rauða útgáfan verði áfram notuð til að vísa á opinberar byggingar og aðra þjónustustaði. Einnig eru settar fram tillögur að útliti á almennum vegvísunarskiltum með brúnum lit.

Venjuleg þjónustuvegvísun er vegvísun sem uppfyllir helstu þarfir vegfarenda fyrir vegvísun á þjónustu, þ.e. upplýsingar um hvað er í boði en ekki auglýsingu fyrirtækis. Miðað við þetta ætti vegvísun almennt séð að vera laus við auglýsingar í formi fyrirtækjanafna og lógóa. Fyrst og fremst ætti vegvísun að innihalda landfræðilegar upplýsingar um staðsetningu staðar. Mikilvægt er að reglur varðandi skilti meðfram vegum byggji á hvað er viðeigandi með tilliti til umferðaröryggis, aðgengis og umhverfisins.

Mikilvægt er að setja fram stefnu um tungumál og notkun tákna á skiltum. Almennt séð er ráðlagt að nota tákn eftir fremsta megni til að auðvelda skilning fólks frá mismunandi löndum, eða nafn staðar á vegvísun. Þar sem nota þarf texta á skilti er almennt séð æskilegt að þá sé notuð íslenska. Undantekning sé þó gerð eins og til dæmis við alþjóðaflugvelli o.þ.h., þar sé notuð íslenska og enska og einnig þegar verið er að vara við hættu.

Mótun viðmiða

Í verkefninu var skoðað hvernig viðmið væri hægt að hafa við val á ferðamannastöðum sem mættu nota brún skilti. Eðlilegt er að líta fyrst og fremst til þjóðgarða, en einnig annarra mikilvægra og vinsælla áfangastaða ferðamanna. Þá er mikilvægt að sett séu viðmið um að staðir sem fá brúnan lit á skilti uppfylli ákveðnar gæðakröfur um þjónustu við ferðamenn, þ.e. að staðurinn sé hæfur til að taka á móti ferðamönnum og veita þá þjónustu sem þeir þurfa. Viðmiðin gætu verið margskonar, s.s.;

- hver sé fjöldi ferðamanna sem sækir staðinn,
- mikilvægi svæðisins/staðarins,
- hvort á staðnum sé aðstaða og ábyrgðaraðili til að taka á móti ferðamönnum,
- gæðakröfur og/eða kröfur um aðstöðu til að taka við áætluðum fjölda,
- hvort ætti að vera skilyrði að þjónusta sé á staðnum allt árið um kring,
- og heildarstefnumótun um dreifingu ferðamanna um landið.

Þegar unnið er val á stöðum til að fá brún skilti, er hægt að horfa til þess að vekja athygli á nýjum eða lítt sóttum en áhugaverðum stöðum þar sem er góð aðstaða til að taka á móti ferðamönnum, þ.e.a.s. að nota brún skilti til að stýra dreifingu ferðamanna um landið. Þetta geta verið staðir sem ferðamenn vita minna af en ákveðið hefur verið að byggja upp aðstöðu á.

Tilgangur brúnna skilta á ekki að vera að vísa á tiltekna rekstraraðila, hótél o.þ.h., heldur að leiðbeina ferðamönnum um landið á samræmdan hátt og gefa um leið skilaboð um traust utanumhald og gæði ferðamannastaða. Slík skilaboð eru um leið áminning og hvatning til ferðamanna um góða umgengni og virðingu fyrir ferðamannastöðunum. Mikilvægt er að stefnumótunar- og skilgreiningarvinna við skiltun ferðamannastaða sé samvinnuverkefni Vegagerðarinnar og ferðamálayfirvalda og að sett sé skýr sýn fyrir landið í heild um samræmd skilaboð til ferðamanna þannig að þau séu notendamiðuð en ekki stofnanamiðuð.